

**624. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, fimmtudaginn 25.  
janúar 2024 og hófst hann kl. 10:30.**

**Fundinn sátu:**

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir formaður, Guðmundur Ólafsson varaformaður, Jóna Símonía Bjarnadóttir aðalmaður, Anton Helgi Guðjónsson aðalmaður og Steinunn Guðný Einarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Þóra Marý Arnórsdóttir.

**Embættismenn:**

Helga Þuríður Magnúsdóttir, verkefnastjóri og Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Hjördís Þráinsdóttir, skjalastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Ársskýrsla 2023 - Slökkvilið Ísafjarðarbæjar - 2024010121**

Lögð fram til kynningar ársskýrsla slökkviliðs Ísafjarðarbæjar fyrir árið 2023, en bæjarráð vísaði málinu til kynningar í nefndinni á fundi sínum þann 22. janúar 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**2. Stefna um móttöku skemmtiferðaskipa við hafnir Ísafjarðarbæjar 2024-26 - 2024010076**

Lögð fram til kynningar drög að stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa fyrir árin 2024-2026, sem hefur verið í vinnslu í hafnarstjórn.

*Nefndin fagnar framkomnum drögum að stefnu um móttöku skemmtiferðaskipa og hefur ekki efnislegar athugasemdir. Lagt fram til kynningar.*

**3. Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar - 2023120054**

Lögð fram tilkynning úr samráðsgátt stjórnvalda dags. 22. desember 2023, þar sem umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 254/2023, Endurmat á virkjunarkostum úr 3. áfanga rammaáætlunar - drög að tillögum verkefnastjórnar.

Umsagnarfrestur er til og með 15.mars 2024.

*Lagt fram til kynningar.*

**4. Áform um breytingu á lögum nr. 49-1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - 2024010082**

Lögð fram umsagnarbeiðni úr samráðsgátt stjórnvalda, dagsett 12. janúar 2024,

vegna áforma um breytingar á lögum nr. 49/1997 um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum með það að markmiði að auka skýrleika laganna með marksmiðsákvæði sem gerir auk þess ráð fyrir uppbyggingu varnavirkja á atvinnusvæðum, skerpa á hlutverki Veðurstofu Íslands og um leið gera tilteknar breytingar á lögnum í ljósi reynslu af beitingu þeirra.

*Lagt fram til kynningar.*

**5. Garðahús á Görðum í Aðalvík L189021. Ósk um stofnun lóðar - 2024010015**

Lögð fram umsókn F-550, dags. 15. nóvember 2022, frá eigendum fasteignarinnar Garðahús F-225 0458, sem er sumarbústaður reistur árið 1982, um stofnun lóðar úr jörðinni Garðar í Aðalvík L189021. Samþykki landeiganda fylgir með. Ný lóð undir sumarhúsið verður 1,0 ha að stærð.

Jafnframt lagðir fram hnitsettir uppdrættir, unnir af Eflu dags. 15. desember 2023.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóðar úr landi Garða undir Garðahús F-225 0458, að Sæbóli í Aðalvík.*

**6. Suðurtangi 6, Ísafirði. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2021120014**

Lögð fram umsókn dags. 30. nóvember 2021 frá þinglýstum eiganda fasteignar við Suðurtanga 6 á Ísafirði um endurnýjun á lóðarleigusamningi. Jafnframt er lagt fram mæliblað tæknideildar dags. 23. janúar 2024, sem er í samræmi við gildandi deiliskipulag Suðurtanga, íbúðar- og þjónustusvæði frá árinu 2015.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja útgáfu lóðarleigusamnings vegna Suðurtanga 6 á Ísafirði.*

*Nefndin leggur áherslu á aðgengi að sjó, um upptökuramp, fyrir kajaka og minni báta, verði tryggt eins og fram kemur í gildandi deiliskipulagi.*

**7. Fjarðargata 4, Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2023120088**

Lögð fram umsókn dags. 19. desember 2023, frá Sigríði K. Ólafsdóttur f.h. Sigríðar B. Helgadóttur, eiganda fasteignar við Fjarðargötu 4 á Þingeyri, um endurnýjun á lóðarleigusamningi. Jafnframt lagt fram mæliblað tæknideildar dags. 19. desember 2023 sem er í samræmi við gildandi deiliskipulag Þingeyrar - miðbæjar og hafnarsvæðis, frá árinu 2015.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja útgáfu lóðarleigusamnings vegna Fjarðargötu 4 á Þingeyri.*

**8. Hrunastígur 1, Þingeyri. Umsókn um endurnýjun á lóðarleigusamningi - 2024010148**

Lögð fram umsókn dags. 11. janúar 2024 frá þinglýstum eiganda fasteignarinnar við Hrunastíg 1 á Þingeyri, um endurnýjun á lóðarleigusamningi. Jafnframt lagt fram mæliblað tæknideildar dags. 23. janúar 2024.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að samþykkja útgáfu lóðarleigusamnings vegna Hrunastígs 1 á Þingeyri.*

**9. Umsókn um byggingarheimild eða -leyfi - Sundstræti 34 - Flokkur 1, - 2023080023**

Lagður fram tölvupóstur frá Jóhanni Birki Helgasyni dags. 7. desember 2023 f.h. Halldóru Þórðardóttur með ósk um að grenndarkynna áform um viðbyggingu við Sundstræti 34 á Ísafirði, í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Jafnframt eru lagðir fram aðaluppdrættir dags. 9. ágúst 2023 og drög að deiliskipulagsbreytingu, dags. 5. nóvember 2023, unnið af Verkís ehf.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd heimilar grenndarkynningu í samræmi við 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir eigendum íbúða í Sundstræti 32, 34 og 36.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:26**

---

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir

---

Guðmundur Ólafsson

---

Jóna Símonía Bjarnadóttir

---

Anton Helgi Guðjónsson

---

Þóra Marý Arnórsdóttir

---

Helga Þuríður Magnúsdóttir

---

Hjördís Þráinsdóttir